

Mál nr. 425/2013**M og
V v. lögboðinnar ökutækjatyggingar
óþekktis ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna óþekktis ökutækis vegna atviks 23. október 2012.****Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 9. desember 2013 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 9. janúar 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa slasast við að óþekktu ökutæki var ekið á hana þegar hún var að hjóla heim frá vinnu að kvöldi til þann 23. október 2012. Í lögregluskýrslu sem M gaf daginn eftir óhappið lýsir hún því svo að hún hafi verið að hjóla heim frá vinnu milli kl. 19 og 20 þegar dökkri fólksbifreið hafi verið ekið mjög greitt þannig að hún rakst utan í reiðhjól M með þeim afleiðingum að M datt af hjólinu og slasaðist. M segir í lögregluskýrslu að hún hafi við þetta tognað á hægri hendi. Í læknisvottorðum er fjallað um óþægindi frá öxl sem M hefur átt við að stríða eftir atburðinn.

M telur sannað m.v. þau gögn sem lögð eru fram með málskotinu að tjónsatburð, sem leiddi til líkamstjóns hennar, megi rekja til þess að óþekkttri bifreið var ekið á hana. M vísar til þess að V beri að greiða skaðabætur, sbr. skyldu í 94.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem og 3.mgr. 18.gr., sbr. 1.mgr. 20.gr. reglugerðar um lögæltar ökutækjatyggingar nr. 424/2008. M vísar til þess að sannað sé með lögregluskýrslu og læknisvottorðum að sá atburður sem M lýsir hafi verið eins og kemur fram í lýsingum hennar og hún hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til að afla sönnunargagna um atburðinn. M vísar einnig til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 228/2013 varðandi kröfur til sönnunar í því sem hún telur sambærilegt mál.

V telur að ósannað sé að líkamstjón M megi rekja til óþekktis ökutækis. Vísar V til ummæla í dómum Hæstaréttar um sönnunarkröfur í málum sem V telur sambærileg. V telur að þar sem engin vitni séu að atburði þeim sem M lýsir og engin ummerki sem styðja frásögn hennar.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort sannað sé að líkamstjón M sé rakið til þess að bifreið var ekið á hana þar sem hún var á ferð á reiðhjól milli kl. 19 og 20 að kvöldi þess 23. október 2012. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti. M tilkynnti um atburðinn til lögreglu daginn eftir og leitaði þann dag til læknis. Í lögregluskýrslu þar sem framburður M er rakinn kemur fram að ekki hafi verið um að ræða tjón á reiðhjólínu og ekki kemur fram í skýrslunni að vettvangur hafi verið rannsakaður, hvorki með tilliti til aðstæðna eða lýsingar á vettvangi. Þó litið sé til þeirra sönnunarkrafna sem gerðar voru í Hrd. 228/2013 telur nefndin mál þessi ekki alveg sambærileg m.t.t. sönnunarstöðu. M leitaði ekki til læknis strax eða tryggði sér sönnun um atvik strax eins og tjónþoli í fyrrnefndum dómi gerði. M kveðst hafa verið á reiðhjól sem ekið var utan í með þeim afleiðingum að hún féll en ekki liggur fyrir að reiðhjólíð hafi verið rannsakað m.t.t. framburðar M eða vettvangur rannsakaður frekar. Að þessu sögðu verður ekki fallist á að M hafi sýnt fram á með óyggjandi hætti að líkamstjón hennar megi rekja til notkunar ökutækis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns hjá V.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hdl.